

Reykjavík, 11. maí, 2026

Umsögn Öldu um 600. mál,157. löggjafarþingi – um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011; stuðningur við einkarekna fjölmiðla.

Að mati Öldu er eðlilegt að einkareknir fjölmiðlar fái aðstoð af einhverju tagi vegna þeirrar stöðu sem uppi er í rekstrarumhverfi fjölmiðla.

Að mati félagsins er þó langeðlilegast að fjölmiðlastyrkjum af hálfu hins opinbera sé beint að mestu leyti til verkefna sem einstaklingar sækja um og fá, sem geta svo unnið á fjölmiðli eða sjálfstætt og síður til beins reksturs miðlanna. Þannig myndu styrkir renna til einstaklinga sem sinna vissu *hlutverki* fremur en að peningum sé beint *almennt* til fjölmiðla í hlutfalli við stærð þeirra (eins og verið hefur). Félagið telur mjög óeðlilegt að styrkir séu veittir í hlutfalli við stærð miðlanna eins og verið hefur; slíkt herðir eingöngu á að stórir fjölmiðlar haldist stórir, en aðgerðaráætlun ráðuneytisins virðist miða við óbreytt fyrirkomulag hvað það varðar. Eðlilegra er að styrkja tiltekin verkefni fremur.

Undir fyrirkomulag af þessu tagi ættu að falla **styrktarsjóðir um rannsóknarblaðamennsku og sjóðir til dagskrárgerðar**, t.d. um mannlíf, sögu og stöðu Íslands í samtímanum. Að mati félagsins ætti að setja upp styrktarsjóði um slík verkefni til frambúðar, sem veitt yrði úr árlega. Slíkt hefði samfélagslegan tilgang þegar mikið umrót er í heiminum, staða Íslands alþjóðlega er orðin óljós og ljóst er að í samfélaginu skortir vissst leiðarljós um stöðu Íslands alþjóðlega og hverjir styrkleikar landsins og samfélagsins eru. Sjóðir um rannsóknarblaðamennsku ættu að vera sjálfsagðir, enda gegnir slík blaðamennska mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi. Gera á kröfur um gæði efnis sem framleitt er fyrir slíka styrki. Til eru eldri fyrirmyndir að styrkjakerfum sem þessum.

Alda vill að fjölmiðlar fái sem minnst af beinum rekstrarstyrkjum frá ríkinu og að þeir fjármagni sig með áskriftum til að reka sig frá degi til dags. Hins vegar er sjálfsagt að hluti af dagskrárgerð og rannsóknarblaðamennsku sé fjármögnuð með styrkjum hins opinbera, sem fyrr segir á vandað efni að vera þar í forgrunni.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, Sævar Finnbogason og Halldór Auðar Svansson